

Fundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi

haldinn að Þingborg í Flóa 25.11. 2017 kl. 10

María E. Ingvadóttir formaður setti fundinn og ræddi um nauðsyn þess að koma afurðum skógarins í verð en lítill sem enginn farvegur er fyrir það sem stendur. Hún minnti á að Samband sunnlenskra sveitafélaga hefði veitt FsS 6 milljónir króna í styrk til Átaksverkefnis sóknaráætlunar Suðurlands, gerðar sóknaráætlunar fyrir úrvinnslu skógarafurða á Suðurlandi, en samningur þess efnis var undirritaður á félagsfundi FsS á þessu ári. Ingvar Pétur Guðbjörnsson hefði verið ráðinn sem verkefnisstjóri og nú lægi skýrsla hans fyrir og yrði kynnt fundarmönnum.

Stjórnin hefði tilnefnt í bráðabigðastjórn undirbúningsfélags þrjá aðila, þá Jón Helga Guðmundsson, forstjóra BYKO, Magnús Gunnarsson, fv. formann Skógræktarfélags Íslands og Maríu E. Ingvadóttur, formann FsS. Auk þess myndi Ingvar Pétur starfa með bráðabirgðastjórninni. Mikilvægt væri að sem flestir félagsmenn gerðust stofnaðilar að fyrirhuguðu rekstrarfélagi, en vonast væri eftir að stofnfundur verði haldinn í janúar 2018. Að lokum kynnti hún fundarstjórnann, Jónatan Garðarsson, nýjan formann Skógræktarfélags Íslands, sem gaf Ingvari Pétri orðið.

Ingvar Pétur kvaðst hafa unnið við skýrslugerð frá því í apríl og skilað fyrstu drögum skýrslu til SASS í september og nú væri lokaskýrslan tilbúin og búið að rýna hana. Nú væri réttur tímapunktur fyrir næstu skref.

Í FsS eru 203 greiðandi félagar en á Suðurlandi eru 121 lögbýli með samninga við Skógræktina en 137 þegar skjólbeltajarðir eru taldar með. 10.081 ha er eyrnamerkur nytjaskógrækt og tæplega 13 milljón plöntur hafa verið settar niður á árunum 1997-2016. Talið er að 18.000 m³ af grisjunarviði hafi safnast upp frá 2012 og 3-4.000 m³ muni falla til árlega fram til 2030. Þetta skapar grundvöll til að hefja vinnslu skógarafurða. Auk þessa falla til um 1.000 m³ af hreinu timbri á gámasvæðum sveitarfélaganna.

Nær enginn farvegur er fyrir íslenskar skógarafurðir eins og málin standa. ELKEM á Grundartanga tekur við 1.-2.000 tonnum árlega í gegnum Skógræktina og Suðurland fær aðeins að láta lítinn hluta af því timburmagni. Auk þess er selt dálítið af arinvið og eldivið fyrir pítsastaði.

Einn aðili á SV-landi framleiðir undirburð undir búfé og notar við það timbur frá gámastöðvum.

Stærstur hluti skógarafurða svo sem kurl, undirburður, eldiviður og girðingarstaurar er innfluttur.

Stefnt er að því að stofna einkahlutafélag um vinnslu skógarafurða með hlutafé í byrjun 100 milljónir króna. Takist það þarf ekki að taka nein langtímalán vegna starfseminnar.

Félagið yrði staðsett á Suðurlandi og myndi skapa um 3 ársstörf auk afleiddra starfa. Í byrjun yrði lögð áhersla á vörur sem auðvelt er að koma á markað og þekking er til staðar í landinu. Stefna félagsins yrði að tryggja sunnlenskum skógarbændum farveg fyrir afurðir sínar. Það hyggst félagið gera með því að koma upp vinnslu úr skógarafurðum úr sunnlenskum skógum og öðrum tilfallandi hreinum og vinnanlegum viði sem til fellur á Suðurlandi.

Framtíðarsýnin er að verða stöndugt fyrirtæki sem skapar atvinnu og arð fyrir eigendur sína. Félagið vill vinna á sjálfbærum grunni, framleiða hágæða afurðir, m.a. byggingar- og

klæðningarefni, undirburð fyrir búfé, kurl í stíga, beð og reiðskemmur, arinkubba og taka þátt í nýsköpun með skógarafurðir. Áhersla verði strax lögð á að komast í samstarf við háskóla og aðra viðurkennda aðila á sviði nýsköpunar, rannsókna og þróunar þannig að efni úr sunnlenskum skógum geti leikið lykilhlutverk í lífhagkerfinu og nýsköpun. Þannig hyggst félagið hámarka arðsemi sína og vera í fararbroddi á Íslandi í nýtingu skógarafurða.

Stærsti hluti framleiðsluvara úr sunnlenskum grisjunarviði verður kurl til stóriðju og undirburður undir húsdýr. Eins og íslenska krónan er skráð núna er samkeppnin við innfluttar afurðir erfið, einkum kurlið. Eins er samkeppni hvað varðar innlenda framleiðslu; um undirburð við Furu, LímtréVírnet, Fellsskóg og Skógarafurðir; klæðningarefni við Skógarafurðir; um eldivið við Skógarafurðir, Fellsskóg, Skógræktina, skógræktarfélög og fleiri aðila.

Gerð hefur verið vönduð könnun á markaðnum, gerð markaðsstefnu og rekstraráætlun. Nú er rétti tíminn til að hefja rekstur þegar ljóst er að vel lítur út með árlegan grisjunarvið. Markaður er til staðar fyrir afurðirnar. Verð á markaði eru vel ásættanleg skv. frumathugun.

Greiðslur til skógarbænda.

Áætlunin gerir ráð fyrir að greiða skógareigendum kr. 9.000 fyrir grisjun á hvern m-3, alls tæpar 700 milljónir á 13 árum.

Áætlunin gerir ráð fyrir að sett verði upp gæðaflokkunarkerfi og greitt eftir því.

Meðalgreiðsla verði kr. 4.000 á hvern m-3, alls rúmar 320 milljónir á 13 árum.

Þannig skapast hvati til að framleiða gæðavöru og flokka efnið vel. Skilar árangri fyrir báða aðila.

Því er lagt til að stofna félag og hefja rekstur strax á árinu 2018. Allt lítur út fyrir að reksturinn verði arðbær frá fyrsta rekstrarári og atvinnuskapandi fyrir Suðurland með þremur beinum störfum auk afleiddra starfa. Starfsemin mun skila um 170 milljónum í ríkissjóð í formi tekju- og virðisaukaskatts á 13 árum. Miðað við rekstraráætlun er lagt upp með að greiða 40% fjárfestingarinnar í arð á 13 árum, en arðgreiðslur hefjast eftir 6 ár. Bændur fá að meðaltali um kr. 13.000 fyrir m-3 miðað við núverandi stöðu sem er vel ásættanlegt. Þetta mun stuðla að sjálfbærum rekstri á skógarjörðum, styðja við byggð, kolefnisbindingu, atvinnuþróun og aukna sjálfbærni landsins.

Næstur tók til máls Hrafnkell Guðnason hjá SASS og lýsti samskiptum Uppbyggingarsjóðs og FsS, hvernig þau María og Björn B. Jónsson hefðu unnið með USS að mótun hugmyndarinnar um áhersluverkefni, þar sem verkefnið hefði verið of viðamikið fyrir hefðbundin verkefni sem USS styrkti á sviði menningargeirans eða frumkvöðlastarfa.

Grundvöllur fyrir að styrkur fékkst var að FsS stóð bak við og breið samstaða alls skógargeirans. Hér væri verið að móta nýja atvinnugrein á Íslandi. Þetta væru flottar hugmyndir um framtíðarrannsóknir og hann lofaði áframhaldandi samstarfi.

Björn B. Jónsson hjá Skógræktinni flutti kveðju Þrastar Eysteinsonar skógræktarstjóra og lýsti áhuga þeirra beggja á úrvinnslumálum. Hann kvað það afrek ef tekst að setja af stað

úrvinnslustöð og lýsti ánægju með þá aðila sem skipa undirbúningsstjórn. Hann ætlar að rýna betur í þær tölur sem IPG nefndi og væri verð þeirra afurða mjg gott.

Fundarmenn komu með ýmsar fyrirspurnir vegna skýrslunnar.

Sigurður Jónsson spurði um staðsetningu verksmiðjunnar, kostnað við flutning timburs að verksmiðju og hver greiði kostnað við fyrstu grisjun.

Því var svarað þannig að staðarval væri ekki ákveðið, æskilegt væri að flutningsleiðir að verksmiðju væru minna en 100 km, reiknað er með flutningskostnaði, en skógareigandi þarf sjálfur að grisja. Ríkið greiðir kostnað við fyrstu grisjun –

Björn B. Jónsson benti á mikilvægi þess að ná niður grisjunarkostnaði sem væri mun meiri hér en á Norðurlöndum þá yrði meira eftir hjá bóndanum. Samvinna við aðra skógarbændur og Skógræktina væri mikilvæg.

Hreinn Óskarsson spurði um yfirstjórn verksmiðjunnar og fékk þau svör að reiknað væri með að stjórnandi verksmiðjunnar væri í hálfu stjórnunarstarfi og hálfu í almennri vinnu.

Eins spurði hann um samvinnu við Límtré. IPG kvað búið að biðja um fund með Límtré um húsnæðismál og viðarkaup.

Sigurður Björgvinsson spurði um kolefnisjöfnun sem María sagði mikið hafa verið rædda innan LSE og þar væri starfandi kolefnisnefnd. Erfitt væri að fá umræðu og svör hjá umhverfisráðherrum. Það ætti eftir að vinna mikla vinnu við að meta kolefnisbindingu á hverri jörð. Ríkið geri alþjóðasamninga, en hefur ekki viljað viðurkenna eignarhald skógarbænda á bindingunni.

Októ Einarsson spurði um verð á kurli, sem yrði stór hluti framleiðslunnar en IPG sagði að ekki væri reiknað með tekjum af því fyrstu árin.

Gunnar Sverrisson spurði um fjármögnun ef ekki næðust þær 100 millj. í hlutafé sem reiknað væri með, en IPG sagði að fleiri reiknilíkön hefðu verið sett upp. Mikilvægt væri þó að félagið fjármagni sig með eigin hlutafé en ekki lánum.

Björgvin Eggertsson nefndi að Skógræktafél. Árnesinga væri með smávægis viðarvinnslu en hvað væri um samvinnu. IPG kvað alltaf hafa verið reiknað með samstarfi við skógræktarfélagin á svæðinu.

Sigurður Jónsson taldi framsetningu kynningarinnar góða en sagði að langan tíma tæki að byggja upp sölusambönd o.fl., það þyrfti að þróast.

Magnús Gunnarsson kom í pontu að loknum fyrirspurnum. Hann kvaðst vera nýkominn að þessari undirbúningsstjórn, nú væru tækifæri í skógarvinnslu en sýna þyrfti varfærni.

Fjarlægð frá nýtingarstað skiptir máli. Kísiliðja myndi aftur fara í gang á Suðurlandi.

Tímasetningin er rétt.

Skógurinn er auðlind sem mun bara vaxa með árunum.

Formaður þakkaði öllum þeim sem komu að fundinum fyrir gott framlag og sleit fundi kl. 11.45.

Sigríður Hjartar fundarritari